

Reykjavík, 2.3.2015

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar

Strandgötu 6

220 Hafnarfirði

Erindi: Fyrirspurn vegna fyrirhugaðra breytinga á gildandi aðaluppdráttum fyrir Strandgötu 31-33

Yrki arkitektar ehf (kt. 560997-3109) f. h. LL18 ehf (kt. 611114-0520) óska eftir því að skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar fjalli um fyrirhugaðar breytingar á gildandi aðaluppdráttum fyrir Strandgötu 31-33 samkvæmt umsókn þessari.

Fyrirhugaðar breytingar á gildandi aðaluppdráttum:

Breytingar á íbúð 0210: Íbúð 0210 verði tveggja hæða íbúð með inngangi utan frá á 1. hæð. Einnig verði inngangur frá stigahúsi á 1. hæð. Meginrými íbúðar verði á 2. hæð en á 1. hæð verði vinnustofa (fyrir listsköpun eða listhandverk) með sýningaraðstöðu, fatahengjum, salerni og ræstingu/geymslu. Íbúðin verði með innbyrðis stiga. Þar sem meginrými íbúðar er á 2. hæð en innangur íbúðar á 1. hæð verði fallið frá kröfum byggingarreglugerðar um algilda hönnun.

Breytingar á verslun 0102: Verslun 0102 minnkar vegna breytingar á íbúð 0210. Núverandi salernum og geymslu verði breytt í kaffiaðstöðu starfsmanna með fatahengi, munaskápum, salerni og ræstingu/geymslu.

Breytingar á 1. hæð í nr. 31 og í kjallara: Hjóla- og vagnageymsla 0104 verði færð vegna breytinga á íbúð 0210. Hjóla- og vagnageymslu verði skipt í tvær geymslur, annars vegar í hjólageymslu á 1. hæð í nr. 31 og hins vegar í vagnageymslu í kjallara. Núverandi inngangur við Gunnarssund verði lagður af og þar innréttuð hjólageymsla með hvítt múruðum, einangruðum útvegg og glugga að Gunnarssundi. Eitt gluggaop á norðausturhlíð nr. 31 verði síkkað og þar verði nýr inngangur að 1. hæð og kjallara í nr. 31.

Núverandi geymslur í kjallara verði lagðar af og geymslur íbúða stækkaðar. Fyrirhugað þvottaherbergi verði fært í kjallara nr. 33.

Tvær minni geymslur í kjallara nr. 33 verði fráteknaðar fyrir verslun 0102. Ræsting verði innréttuð í kjallara nr. 33.

Fjögur uppstig og hærri hluti gangs (0036 samkvæmt gildandi aðaluppdráttum) verði rifin og rampur steyptur á milli hærra og lægra gólfs í kjallara.



F.h. Yrki arkitekta ehf, Ásdís H. Ágústsdóttir arkitekt FAÍ